



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 45/2012

Kvörtun Skeljungs hf. yfir auglýsingum Olíuverzlunar Íslands um Opinn skóg.

I. Erindið

Með bréfi Skeljungs til Neytendastofu, dags. 26. apríl 2012, er kvartað yfir auglýsingum Olíuverzlunar Íslands (Olís) um að fyrirtækið styrki verkefnið „Opinn skógur“.

Málavextir séu þeir að hinn 12. maí 2011, hafi Skógræktarfélag Íslands og Skeljungur gert með sér þriggja ára samstarfssamning varðandi opnun skóga fyrir almenning og fræðslustarf um skógrækt. Verkefnið beri heitið „Opinn skógur“. Við gerð samningsins hafi samstarfi Skógræktarfélagsins og Olís sama efnis lokið. Olís hafi hins vegar ekki tekið niður auglýsingar um að Olís styrki Opinn skóg. Skeljungur sé kunnugt um að slíkar auglýsingar séu enn uppi við bensínstöðvar Olís í Álfrheimum, við Háaleitisbraut og í Norðlingaholti og hugsanlega víðar.

Á undanförunum árum hafi áhugi neytenda á umhverfisvernd aukist verulega. Líti margir neytendur til þess við innkaup sín hvort fyrirtæki séu á einhvern hátt að leggja náttúrunni lið. Skv. lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu séu óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Fyrirtæki megi ekki veita rangar eða villandi upplýsingar sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti. Telji Skeljungur umræddar auglýsingar til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti.

Að mati Skeljungs sé því um óréttmæta viðskiptahætti að ræða og geti háttsemin brotið gegn 5. gr., 8. gr., 9. gr., 13. gr. og 14 gr. laga nr. 57/2005. Þá telji félagið að einnig geti verið brotið gegn 4. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Eins sé bent á 9. gr. auglýsingar um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd þar sem fram komi að ef fyrirtæki haldi því fram við markaðssetningu sína að þau taki sérstakt tillit til umhverfisins verði slíkar fullyrðingar að vera sannar og viðeigandi.



Skeljungur geri þá kröfu að Neytendastofa leggi bann við háttsemi Olís og að fyrirtækinu verði gert að taka umræddar auglýsingar niður að viðlögðum dagssektum. Jafnframt að lögð verði stjórnvaldssekt á fyrirtækið í samræmi við 22. gr. laga nr. 57/2005.

II. Málsmeðferð

1.

Erindið var sent Olís til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. maí 2012. Svar Olís er dags. 16. maí 2012. Þar segir að fyrirtækið hafi allt frá árinu 2002 unnið að verkefninu „Opinn skógur“ með Skógræktarfélagi Íslands en megin markmið verkefnisins sé að opna skóga fyrir almenningi, auðvelda aðkomu og viðhalda þeim svæðum sem opnuð hafi verið.

Hafi Olís greitt verulegar fjárhæðir til Skógræktarfélags Íslands til þessa verkefnis. Undanfarin ár hafi fjárstuðningur Olís einkum verið til að standa straum af þeim kostnaði sem hljótist af viðhaldi sem þurfi að sinna á þeim svæðum sem opnuð hafi verið með fjárstuðningi Olís. Þau svæði séu Sólbrekkur, Daníelslundur í Borgarfirði, Tunguskógur Ísafirði, Hrótey á Blönduósi, Eyjólfstaðir í Fljótsdalshéraði, Snæfoksstaðir í Árnassýslu, Hofstaðaskógur, Tröð, Akurgerði og Hálsaskógur.

Í bréfi Skeljungs komi fram að samningur félagsins við Skógræktarfélagið hafi verið gerður 12. maí 2011 og að á sama tíma hafi samstarfi Olís og Skógræktarfélagsins lokið. Þessi fullyrðing sé röng. Seinasta greiðsla sem Olís greiði til Skógræktarfélagsins vegna verkefnisins þ.e. að viðhalda þeim svæðum sem búið sé að opna hafi verið innt af hendi 25. ágúst 2011.

Telji Olís fyrirtækið vera í fullum rétti til að upplýsa almenning um aðkomu félagsins að verkefninu. Þess skuli getið að í gangi séu breytingar á merkingum á dælum. Sumum sé þegar lokið en aðrar í eðlilegu ferli. Það skuli undirstrikað að Olís hafi í kynningu á verkefninu „Opinn skógur“ á dælum félagsins eingöngu notað orðin „Olís eflir opinn skóg“ en ekki notað logo verkefnisins.

Að Skeljungur ætli að styrkja verkefni um opnun frekari skóga hjá Skógræktarfélagi Íslands sé hið besta mál en það breyti ekki ofangreindum staðreyndum um opnun þeirra skóga sem nefndir séu að ofan og viðhaldi þeirra sem Olís ásamt öðrum fyrirtækjum hafi staðið að frá árinu 2002.

2.

Bréf Olís var sent Skeljungi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. maí 2012. Svar Skeljungs er dags. 29. maí 2012. Þar segir að vegna bréfs Olís hafi fulltrúar Skógræktarfélags



Íslands verið boðaðir á fund í höfuðstöðvum Skeljungs hinn 25. maí 2012 og inntir eftir svörum við fullyrðingum Olís. Á þeim fundi hafi komið fram að frá árinu 2011 hafi enginn samningur verið í gildi við Olís um stuðning við verkefnið „Opinn skóg“ auk þess sem Skeljungur væri eina olúfélagið sem styrkti verkefnið og mætti auglýsa sig sem styrktaraðila þess. Millifærslan sem Olís vísi til sé frjálst framlag til Skógræktarfélags Íslands en hafi enga tengingu við verkefnið „Opinn skógur“.

Ljóst sé að fullyrðingar Olís eigi því ekki við rök að styðjast og verði ekki betur séð en að Olís hafi enga heimild til þess að auglýsa undir slagorðinu „Olís eflir opinn skóg“. Fullyrðingin sé í nútíð og sé því engum vafa undirorpið að hún sé röng. Engu breyti þó að einkennismerki verkefnisins sé ekki nýtt við auglýsingar.

3.

Bréf Skeljungs var sent Olís til umsagnar með bréfi, dags. 31. maí 2012. Svar Olís er dags. 8. júní 2012. Þar er ítrekað að félagið hafi veitt verkefninu „Opinn skógur“ stuðning allt frá árinu 2002. Jafnframt er ítrekað að fjárstuðningi Olís hafi undanfarin ár einkum verið ætlað að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af viðhaldi sem þurfi að sinna á þeim svæðum sem opnuð hafi verið með stuðningi Olís.

Í bréfi Skeljungs komi fram að fyrirtækið hafi kallað til fulltrúa Skógræktarfélagsins og á þeim fundi hafi komið fram að enginn samningur sé í gildi við Olís um verkefnið „Opinn skógur“. Hvorki Skógræktarfélagið né Olís hafi talið þörf á því að vera með formlegan samning um verkefnið frá árinu 2007. Fulltrúar félaganna hafi hist að jafnaði einu sinni á ári og sammælt um framlag Olís enda hafi verkefnið einkum snúist um að viðhalda þeim svæðum sem opnuð hafi verið með fjárstuðningi Olís. Því standi sú fullyrðing að Olís hafi áfram árið 2011 veitt fjármagn til verkefnisins „Opinn skógur“.

Olís telji sig í fullum rétti að kynna almenningi að félagið hafi stutt verkefnið „Opinn skógur“ þó Skeljungur hafi ákveðið að veita þessu góða verkefni stuðning sinn. Eðlilegast verði að telja að áfram verði haldið á lofti merkingum Olís og annarra viðkomandi fyrirtækja við þá skóga sem þau styrktu opnun á og merki Skeljungs við þá skóga sem félagið mun styrkja opnun á. Sérstaklega skuli undirstrikað að stuðningur Olís hafi verið beintengdur opnun ákveðinna tilgreindra skóga en ekki óskilgreindum stuðningi við verkefnið.

4.

Bréf Olís var sent Skeljungu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 28. júní 2012. Svar Skeljungs er dags. 2. júlí 2012. Þar segir að Skeljungu hafi ekki borist gögn sem renni stoðum undir fullyrðingar Olís auk þess sem fulltrúar Skógræktarfélagsins staðhæfi að frá árinu 2011



hafi ekki verið neinn samningur, hvorki munnlegur né skriflegur, þess efnis að Olís styrkti verkefnið „Opinn skógur“.

Fyrir liggja skriflegur samstarfssamningur milli Skeljungs og Skógræktarfélagssins sem gerður hafi verið 12. maí 2011 um verkefnið „Opinn skógur“. Samkvæmt honum sé Skeljungi heimilað að auglýsa þátt sinn í verkefninu og hafa fána Skeljungs dregna að húni á svæðum „Opinna skóga“.

Efni kvörtunar Skeljungs snúi að því að Olís auglýsi sig enn með orðunum „Olís eflir opinn skóg“. Í bréfi Olís segi að Olís telji sig í fullum rétti að kynna almenningi að félagið hafi stutt verkefnið „Opinn skóg“, þótt Skeljungur hafi ákveðið að veita þessu góða verkefni stuðning sinn. Með þessum orðum komi skýrlega fram að Olís styðji ekki lengur verkefnið „Opinn skógur“ og sé Olís því óheimilt að auglýsa stuðning sinn líkt og hann eigi sér enn stað.

5.

Bréf Skeljungs var sent Olís til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 5. júlí 2012. Svar Olís er dags. 13. júlí 2012. Þar segir að fyrirtækið vilji undirstrika að það hafi stutt verkefnið „Opinn skógur“ með fjárframlagi árið 2011 og því standi fullyrðingin að Olís efli „Opinn skóg“.

Félagið hafi stutt við tilgreind verkefni undir áttakinu „Opinn skógur“ en ekki ótilgreint og því sé eðlilegt og réttlátt að félagið haldi rétti sínum til að kynna aðkomu sína að verkefninu. Í samstarfssamningi Skeljungs og Skógræktarfélagss Íslands segi í 1. gr. að meginmarkmið verkefnisins sé að opna skóga fyrir almenningi og auðvelda aðkomu að þeim. Þetta sé almennt orðalag og engir skógar tilgreindir. Hér hljóti að vera átt við að opna ný svæði enda ekki hægt að opna skóga sem nú þegar sé búið að opna með fjárstuðningi Olís og annarra fyrirtækja.

Krafa Skeljungs um að Olís megi ekki láta almenning vita um aðkomu félagsins að verkefni sem félagið hafi stutt í mörg ár með verulegu fjárframlagi sé mjög óeðlileg og ósanngjörn og tilraun til að endurskrifa söguna.

6.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 6. september 2012, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu. Jafnframt fylgdi bréfinu listi yfir gögn málsins.



III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Skeljungur yfir auglýsingum Olís um að fyrirtækið styrki verkefnið „Opinn skógur“. Skógræktarfélag Íslands og Skeljungur hafi hinn 12. maí 2012 gert með sér þriggja ára samstarfssamning varðandi opnun skóga fyrir almenning og fræðslustarf um skógrækt. Verkefnið beri heitið „Opinn skógur“. Við gerð samningsins hafi samstarfi Skógræktarfélagsins og Olís um sama efnis lokið. Olís hafi hins vegar ekki tekið niður auglýsingar þess efnis að Olís styrki Opinn skóg. Auglýsingarnar séu til þess fallnar að vera brot á 5. gr., 8. gr., 9. gr., 13. gr. og 14 gr. laga nr. 57/2005 auk 4. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Þá er einnig vísað til 9. gr. auglýsingar um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd.

Olís segir að allt frá árinu 2002 hafi félagið greitt verulegar fjárhæðir til Skógræktarfélags Íslands til þessa verkefnis. Undanfarin ár hafi fjárstuðningur Olís einkum verið til að standa straum af þeim kostnaði sem hljótist af viðhaldi sem þurfi að sinna á þeim svæðum sem opnuð hafi verið með fjárstuðningi Olís. Síðasta greiðsla Olís til verkefnisins hafi verið innt af hendi þann 25. ágúst 2011 eða eftir að undirritaður var samstarfssamningur Skógræktarfélagsins og Skeljungs. Krafa um að Olís megi ekki láta almenning vita um aðkomu félagsins að verkefni sem það hafi stutt í mörg ár sé mjög óeðlileg og ósanngjörn enda telji Olís að fyrirtækið geti auglýst að Olís efli opinn skóg.

2.

Í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“



Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 1. mgr. 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Hinar röngu upplýsingar eru tífundaðar í sjö liðum. Í 2. mgr. segir að viðskiptahættir séu villandi ef ekki sé greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim sé leynt og þær séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti. Í erindi Skeljungs er vísað almennt til lagagreinarinnar.

Í 13. gr. segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Í 4. tl. 1. gr. reglugerðar nr.160/2009 segir að það séu villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að söluaðilinn (þ.m.t. viðskiptahættir hans) eða vara hafi fengið samþykki, áritun eða heimild frá opinberri stofnun eða einkaaðila eða halda slíku fram án þess að fara að skilmálum um samþykkið, áritunina eða heimildina.

Þá segir 9. gr. auglýsingar um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd nr. 559/1994 að ef fyrirtæki haldi því fram við markaðssetningu sína að þau taki sérstakt tillit til umhverfisins verði slíkar fullyrðingar að vera sannar og viðeigandi.



3.

Óumdeilt er að Olís styrkti verkefnið „Opinn skógur“ allt frá árinu 2002 með árlegum fjárframlögum til Skógræktarfélags Íslands. Hefur þeim fjármunum verið varið til verkefnisins á ýmsum stöðum á Íslandi. Í seinni tíð hefur fjárframlögunum verið varið til viðhalds þeirra svæða sem opnuð hafa verið fyrir tilstilli fjarframlaga Olís. Í skýringum Olís kemur fram að frá árinu 2007 hafi ekki þótt þörf á því að endurnýja skriflegan samning milli Olís og Skógræktarinnar en fulltrúar félaganna hafi hist a.m.k. frá þeim tíma einu sinni á ári og sammælt um fjárframlag Olís. Skv. framlögðum reikningi frá Skógræktarfélagi Íslands til Olís, dags. 1. júlí 2011, kemur skýrt fram að framlag skv. reikningnum sé styrkur vegna „Opinna skóga“. Er því ljóst að Olís hefur styrkt verkefni Skógræktarfélagsins „Opinn skógur“ með vitund og vilja Skógræktarfélags Íslands eftir að samningur Skeljungs og Skógræktarfélagsins var gerður, hinn 12. maí 2011. Jafnframt verður að telja að allar líkur bendi til þess að fjárframlag Olís til Skógræktarinnar sem innt var af hendi 25. ágúst 2011 hafi verið ætlað í verkefnið.

Í ljósi þess að stuðningur Olís við verkefnið „Opinn skógur“ hefur árum saman að verulegu leyti verið beintengdur við ákveðin svæði á Íslandi verður að telja mjög óeðlilegt að fjárframlög frá Olís til Skógræktarinnar hinn 25. ágúst 2011, hafi verið álitin almenn framlög til Skógræktarinnar sbr. fund fulltrúa Skeljungs og Skógræktar ríkisins í höfuðstöðvum Skeljungs, 25. maí 2012 og þá ekki síst með hliðsjón af framangreindum reikningi Skógræktarinnar til Olís dags. 1. júlí 2011. Samvinna Olís og Skógræktarinnar um verkefnið „Opinn skógur“ er að mati Neytendastofu þess eðlis að til þess að hún verði aflögð verður að gera það með formlegum hætti, þ.e. tilkynningu Skógræktarfélags Íslands til Olís um að fjárframlög fyrirtækisins til verkefnisins „Opinn skógur“ verði ekki framar þegin og jafnframt að tilkynna formlega að fyrirtækinu sé ekki lengur heimilt að auglýsa aðkomu að verkefninu.

Skv. framansögðu verður ekki séð að færðar hafi verið sönnur fyrir því að samstarfi Olís og Skógræktarfélags Íslands hafi lokið við undirritun sammings Skeljungs og Skógræktarfélags Íslands hinn 12. maí 2011, enda ekkert í þeim samningi sem kveður á um að öðrum fyrirtækjum sé bannað að styrkja verkefnið.

Neytendastofa telur tilvísanar lagagreinar og reglur ekki hafi verið brotnar af hálfu Olís með því að auglýsa að fyrirtækið styrki verkefnið „Opinn skógur“.



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 12. nóvember 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir